



### Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Meðfylgjandi er yfirlit frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun vegna stöðu húsnæðisuppbyggingar í sveitarfélaginu og verkefna sveitarstjórnar á sviði húsnæðis- og skipulagsmála.

Í bréfinu er meðal annars fjallað um niðurstöður árlegrar samantektar HMS á húsnæðisáætlunum sveitarfélaga, stöðu íbúðaupbyggingar og lóðaúthlutunar, auk þess sem vakin er athygli á þeim verkefnum sem nýkjörnar sveitarstjórnir standa frammi fyrir að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þar á meðal er vísað til skyldu sveitarstjórna til að meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag og, eftir atvikum, svæðisskipulag í ljósi landskipulagsstefnu og annarra stefnumarkandi forsendna.

HMS hyggst á næstu misserum funda með sveitarstjórnnum um land allt til að ræða stöðu og áskoranir í húsnæðis- og skipulagsmálum og hvernig stofnunin getur stutt sveitarfélögin í þeirri vinnu.

Vinsamlegast komið bréfinu til sveitarstjórnar.

Kveðja

Greiningar og áætlanir

